

Morgunblaðið

mbl.is/gagnasafn

Mánudaginn 21. júní, 2010 - Aðsent efni

Ból sandfoksins og uppgræðsla lands

Eftir Einar Sveinbjörnsson



Einar Sveinbjörnsson

Eftir Einar Sveinbjörnsson: "Þrátt fyrir ötult starf við uppgræðslu landsins í meira en öld er uppblástur enn helsta umhverfisógnin sem steðjar að okkur Íslendingum."

Við höfum verið minnt á undanförunum vikum á ból sandfoksins. Eldgos í Eyjafjallajökli og jökulhlaup í Markarfljóti skilur eftir sig fínefni sem fýkur auðveldlega og veldur tjóni á gróðurlendum. Jarðvegseyðing hefur verið gríðarleg hér um aldirnar og jarðvegur fokið á haf út. Eftir sitja gróðurlitlar auðnir.

Á dögunum var greint frá því að tekist hefði á ekki nema tveimur áratugum að græða upp um 5.000 hektara lands við suðurjaðar Örfafjökuls. Áður var þarna gamalt uppblásturssvæði, sorfið niður í grjót svo notuð séu orð Arnar Bergssonar formanns Landgræðslufélags Örfæinga. Lúpínan og birki eru í aðalhlutverki við uppgræðsluna. Ástæða er til að óska Örfæingum heilla með frábæran árangur.

Íslenska sandauðnin líður fyrir þurrð á köfnunarefni. Við uppgræðslu hennar þarf því annað hvort innfluttan og dýran áburð í miklu magni eða plöntur sem vinna köfnunarefni úr loftinu og flytja í jarðveginn. Þar hefur alaskalúpínan mikla yfirburði. Það hefur sýnt sig m.a. á umræddu landssvæði í Örfasveit að almenn gróðurframvinda er til þess að gera hröð þar sem lúpína er.

Þrátt fyrir ötult starf við uppgræðslu landsins í meira en öld er uppblástur enn helsta umhverfisógnin sem steðjar að okkur Íslendingum. Foksand verður að hefta og við beitum þeim aðferðum sem bestar þykja til að græða upp landið og endurheimta landgæði. Birkiskógurinn og kjarrið sem í fyrndinni klæddi landið er óðum að ná sér á strik, en næringarefnaþurrð örfoka lands hamlar þar mjög.

Á næstu áratugum og öldum munu ný landsvæði sem skipta munu hundruðum og þúsundum ferkílómetra koma undan hopandi jöklum. Afleiðingar loftslagshlýnunar verða ekki umflúnar og jöklarnir eru þegar teknir að rýrna eins og mælingar sýna glögg. Ný svæði jökulleirs og fjúkandi sands koma því stöðugt fram og sandfok verður viðvarandi vandamál. Það þarf ekki eldgos til þó þau hjálpi vissulega ekki upp á sakirnar í þessum efnum. Framskrið foksands verður ekki heft nema með uppgræðslu og gróðurþekju. Höfum það hugfast að þrátt fyrir allt þekja sæmilega heilleg gróðurvistkerfi enn ekki nema lítið brot af flatarmáli landins og okkar bíður því mikið starf

við uppgræðslu. Þar mun alaskalúpínan áfram gegna miklu hlutverki, hvað sem mönnum kann annars að finnast um þá ágætu plöntu.

Höfundur er veðurfræðingur.

Slóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1338062

Skoðað: 2010-06-26 00:52

© mbl.is/Árvakur hf